



KÓFIÐ OG HRUNIÐ:

lærdómur og leiðin fram á við

Opinn veffundur á vegum sérfræðingahóps
verkalýðshreyfingarinnar
þriðjudaginn 15. desember kl. 11:00–11:45 í Zoom





Samantekt á efni kynningar – kófið í Evrópu og Íslandi

1. Kófið er dýpsti efnahagssamdráttur sem Ísland hefur upplifað á ársgrundvelli í 100 ár og markar jafnframt endalok nokkurn veginn samfellds 40 ára hagvaxtarskeiðs á heimsvísu.
2. Samkvæmt nýlegri rannsókn Eurostat á áhrifum kófsins á launafólk í mismunandi atvinnugreinum ber fólk með lágar tekjur, þ.m.t. yngra fólk á vinnumarkaði, hlutfallslega meiri byrðar af kófinu en aðrir hópar samfélagsins í nær öllum löndum Evrópu. Munurinn er mestur í þeim löndum sem reiða sig á þjónustugreinar í miklum mæli m.a. í ferðaþjónustulöndum Evrópu.
3. Konur bera meiri byrðar af kófkreppunni en af fyrri kreppum m.a. fjármálakreppunni 2008 (hruninu) í löndum Evrópu. Konur eru hlutfallslega fleiri í lægri enda tekjudreifingar og jafnframt hlutfallslega fleiri í þjónustugreinum sem helst verða fyrir samdrættinum. Þá eru þær jafnframt í miklum meirihluta í framlínustörfum opinbera kerfisins.
4. Vísbindingar eru um að konur beri hlutfallslega meiri byrðar af kófinu á Íslandi en í mörgum löndum Evrópu vegna hárrar hlutdeildar í mörgum greinum ferðaþjónustu og framlínustörfum opinbera kerfisins, samanborið við Evrópu.
5. Ungt fólk og útlendingar á vinnumarkaði á Íslandi bera einnig þungar byrðar í kófinu og þá sérstaklega ungt fólk af erlendum uppruna.
6. Ef horft er til samdráttar í launagreiðslum atvinnugreina á Íslandi á tímabilinu mars-september 2019 samanborið við sama tímabil mars-september 2020 (á föstu verðlagi) kemur í ljós að þær atvinnugreinar sem borga lág laun taka hlutfallslega mikinn skell í kófinu og mun meiri skell en í hruninu, fyrst um sinn.* Er það í samræmi við reynsluna í Evrópu.

**Hér er eingöngu horft til skammtímaáhrifa á launagreiðslur atvinnugreina og ályktanir dregnar um efnahagsleg áhrif á launafólk til skamms tíma eingöngu. Áhrif hrunsins dreifðust yfir langt tímabil og höfðu víðtækar samfélagslegar afleiðingar. Þá var vandi heimila landsins að mörgu leyti margþættari í hruninu en hann er nú en hruninu fylgdi mikill skuldavandi til viðbótar við skert atvinnuöryggi landsmanna.*



Samantekt á efni kynningar – horft út úr kófinu

1. Alþjóðabankinn telur að kreppan vegna COVID-19 muni fleyta 150 milljónum manna undir fátæktarmörk fyrir árið 2021 og að vonin um að útrýma fátækt fyrir 2030 sé lítil ef ríkisstjórnir bregðast ekki við þróuninni. Bankinn hefur þá áhyggjur af því að kófið auki enn frekar á tekju- og eignaójöfnuð í heiminum sem afleiðing af kófinu (K-hagvöxturinn: Hlutfallslega mikill hluti hagvaxtar rennur til þeirra sem ofar eru í tekju- og eignadreifingu meðan aðrir horfa fram á skert lífskjör). Vísbendingar eru um að ár kófsins á Íslandi hafi að sumu leyti einkenst af K-hagsveiflu.
2. Sagan sýnir að ríki heimsins eru yfirleitt fljótar að vinna sig úr farsóttum og hagkerfi heimsins fljót að taka við sér. Farsóttir valda þó einatt auknum ójöfnuði og djúpum sárum í samfélagsgerð með tilheyrandi áhrifum á velferð ýmissa hópa til lengri tíma. Mikilvægt er að ríki grípi til sértækra ráðstafana til að koma veg fyrir neikvæð áhrif á velferð þ.m.t. jöfnuð til lengri tíma. Horfa ber til þess á Íslandi á árunum 2021-2025.
3. Fyrstu 20 ár þessarar aldar á Íslandi einkenndust af ýktum hagsveiflum samanborið við Evrópu þ.e. í aðdraganda hrunsins og í aðdraganda kófsins. Mikilvægt er að fjölga stoðunum í íslensku efnahagslífi m.a. með aukinni áherslu á menntun og nýsköpun. Hlutdeild náttúruauðlinda í útflutningi landsins er um og yfir 80% og hlutdeild flugþjónustu, veitingastaða og gistiþjónustu í VLF nú með því hæsta innan Evrópu og mun herra en gengur og gerist í öðrum löndum sem búa við sama tekju- og velferðarstig.
4. Sérfræðingahópurinn mun fjalla um tillögur að sértækum aðgerðum til að vinna gegn efnahagslegum og félagslegum áhrifum kófsins, á nýju ári.



Um sérfræðingahópinn

Sérfræðingahópur ASÍ, BSRB og BHM er var skipaður 16. september sl. og hefur þegar skilað einni skýrslu um áhrif kreppunnar á atvinnuleysis mismunandi hópa.

Hópurinn skipa:

- Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, formaður
- Ásgeir Brynjar Torfason, doktor í viðskiptafræði og fulltrúi í fjármálaráði
- Guðrún Johnsen, efnahagsráðgjafi VR
- Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB
- Sigrún Ólafsdóttir, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands
- Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði og sérfræðingur hjá Eflingu
- Vilhjálmur Hilmarsson, hagfræðingur BHM
- Ásgeir Sverrisson, sérfræðingur ASÍ, starfar með hópnunum

1

Horft aftur til 2020

Áhrif kófsins á heimsvísu



Bandalag
háskólamanna






Ár kófsins: Fádæmi í 150 ára skráðri hagsögu

Þó eru hagsveiflur engin nýlunda á Íslandi

Hagvöxtur á mann síðustu 150 árin






Endalok 40 ára hagvaxtarskeiðs á heimsvísu

Kófið í heiminum, skv. áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Hagvöxtur á heimsvísu 1980-2020






Í Evrópu er kófið kreppa ferðaþjónustugreina

Þjónustugreinar verða fyrir miklu höggi

Hætta á uppsögnum að hluta eða öllu leyti í ESB27, á 2020Á2, eftir atvinnugreinum*



A: Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar

J: Upplýsingar og fjarskipti

O_Q: Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi og heilbrigðisþjónusta

K_N: Fjármála og váttryggingastarfsemi ofl.

B_E: Framleiðsla, námugróftur, veitustarfsemi ofl.

H: Flutningar og geymsla

G: Heild- og smásöluverslun ofl.

F: Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð

R_U: Önnur starfsemi (þ.m.t. menning)

I: Rekstur gististaða og veitingarekstur


* Skv. rannsókn Eurostat á áhrifum kófsins á tekjudreifingu og atvinnugreinar




Kreppa þeirra sem lægstar hafa tekjurnar

Slíkt átti við í öllum löndum Evrópu en ferðaþjónustulönd komu verst út*

Hætta á uppsögnum eftir tekjuhópi á 2020Á2, skv. rannsókn Eurostat



Hætta á uppsögnum eftir aldri á 2020Á2, skv. rannsókn Eurostat



* Skv. rannsókn Eurostat á áhrifum kófsins á tekjudreifingu og atvinnugreinar


2

Kófið og hrunið á Íslandi

Áhrif á launasamdrátt innan atvinnugreina



Bandalag
háskólamanna





Hvernig birtist kófið efnahagslega á Íslandi?

Yfirlitsmynd

Tvö sjónarhorn

1

Áhrif á laun innan
atvinnugreina

2

Áhrif á ýmsa hópa
samfélagsins



Hvernig birtist kófið efnahagslega á Íslandi

Samanburður á þróun í launagreiðslum mars-sep 2008/2009 og 2019/2020, á föstu verðlagi

Fyrirvari

1

Áhrif á laun innan
atvinnugreina


Hér er eingöngu horft til **skammtímaáhrifa** á launagreiðslur atvinnugreina og **ályktanir dregnar um efnahagsleg áhrif á launafólk eingöngu**. Áhrif hrunsins dreifðust yfir langt tímabil og höfðu **víðtækar samfélagslegar afleiðingar**. Þá var vandi heimila landsins að mörgu leyti margþættari í hruninu en hann er nú en hruninu fylgdi **mikill skuldavandi til viðbótar við skert atvinnuöryggi landsmanna**.



Kófið og hrunið eru ólíkar kreppur

Samdrátturinn kemur öðruvísi niður, eins og við munum sjá


Samdráttur í launagreiðslum atvinnugreina, mars-sep 08/09 og 19/20, á föstu verðlagi





Launasamdráttur eftir atvinnugreinum

Atvinnugreinum raðað í fjórðunga eftir meðallaunastigi*






* Ekki liggja fyrir upplýsingar um vinnumagn í öllum atvinnugreinum og því getur samanburðurinn verið bjagaður í einhverjum tilfellum. Laun á uppsagnarfresti borguð af ríkinu skekkja þá niðurstöðuna fyrir sumar greinar. Ekki er talið að þetta hafi afgerandi áhrif á meginniðurstöðuna.



Hlutdeild atvinnugreina í launasamdrætti

Atvinnugreinum raðað í fjórðunga eftir meðallaunastigi*



* Ekki liggja fyrir upplýsingar um vinnumagn í öllum atvinnugreinum og því getur samanburðurinn verið bjagaður í einhverjum tilfellum. Laun á uppsagnarfresti borguð af ríkinu skekkja þá niðurstöðuna fyrir sumar greinar. Ekki er talið að þetta hafi afgerandi áhrif á meginniðurstöðuna.



Hvernig birtist kófið efnahagslega á Íslandi?

Yfirlitsmynd

Tvö sjónarhorn

1

Áhrif á laun innan
atvinnugreina



2

Áhrif á ýmsa hópa
samfélagsins



Konur eru hlutfallslega fleiri í lágtekjuhópum

Atvinnuþátta kvenna er minni og heildartekjur einnig






Konur eru hlutfallslega margar í kófsgreinum

Bera konur hlutfallslega meiri byrðar af kófinu á Íslandi en í Evrópu?

Hlutdeild kvenna í tilteknum atvinnugreinum á 2019Á3






Gríðarlegt álag á heilbrigðisstéttum

Árið hefur reynt mikið á starfsmenn heilbrigðiskerfisins

Meðalfjöldi yfirvinnutíma á mánuði fyrir lífeindafræðing í fullu starfi






Ungt fólk af erlendum uppruna ber þungar byrðar

Hlutfallslega margir þeirra starfa í ferðapjónustu

Aukning í fjölda á atvinnuleysissskrá milli októbermánaða 2019 og 2020






Hætt er við að kófið auki á vanda ungs fólks

Hrunið markaði kaflaskil að því leyti

Hlutdeild ungs fólks (16-29 ára) sem hefur verið atvinnulaust lengur en 6 mánuði





Hvernig birtist kófið efnahagslega á Íslandi?

Yfirlitsmynd

Helstu ályktanir

1

Áhrif á laun innan
atvinnugreina

2

Áhrif á ýmsa hópa
samfélagsins



Helstu ályktanir

Grundvallarmunur á áhrif hrunsins og kófsins á launafólk, fyrst um sinn

- „Kófið“ virðist leggjast margfalt meir á neðri hluta tekjudreifingar en aðra hópa launafólks m.a. **vegna áhrifa á ferðaþjónustuna, fyrst um sinn.**
- Þáttur opinberra kerfa í baráttu við veiruna **skýrir aukningu í álagi og skjól opinberra kerfisins gagnvart samdrættinum að miklu leyti.**
- **Er það í samræmi við reynsluna í Evrópu.**
- Hrunið á Íslandi lenti í meiri mæli á launafólki í efri hluta tekjudreifingar m.a. starfandi í fjármálaþjónustu, **fyrst um sinn.**



Helstu ályktanir

Grundvallarmunur á áhrif hrunsins og kófsins á launafólk, fyrst um sinn

- Vísbendingar eru um að konur séu sérlega útsettar fyrir **áhrifum kófsins á samdrátt innan atvinnugreina.**
- Konur eru jafnframt **hlutfallslega fleiri í framlínustörfum opinbera kerfisins á Íslandi en í mörgum löndum Evrópu.**
- Áhrif kófsins munu vara **langt inn í þennan áratug.**
- Marka þarf framtíðarsýn um **sértæk úrræði til að taka á þeim áskorunum sem framundan eru.**

3

Horft út úr kófinu

Áskoranirnar framundan



Bandalag
háskólamanna





Hverjar verða áskoranir framtíðar?

Kófið mun breyta samfélagsgerðinni

Um áskoranir framtíðar

1

Aukinn ójöfnuður

2

Fábreytni útflutningsatvinnuvega



Hverjar verða áskoranir framtíðar?

Hagstjórnaraðilar verða að ganga í takt við að tryggja velferð á næstu árum

Verkefni næstu ára

1

Að koma í veg fyrir aukinn ójöfnuð í kjölfar kófsins

Aukinn ójöfnuður



Alþjóðabankinn hefur áhyggjur af kóf-ójöfnuði

Úr nýrri skýrslu Alþjóðabankans

Um fátæktina:

„COVID-19 er talið munu fleyta 150 milljónum manna undir fátæktarmörk fyrir árið 2021... vonin um að útrýma fátækt fyrir 2030 er lítil ef ríkisstjórnir bregðast ekki við þróuninni.“

Um þörfina fyrir aðgerðir:

„Lönd heimsins þurfa að undirbúa sig fyrir breyttan heim að loknu kófi með breyttum hagrænum leikreglum“



Vísbendingar eru þegar um aukinn ójöfnuð

Var 2020 ár **K-hagvaxtarins** á Íslandi?

K-hagvöxturinn?

13%

Aukning í veltu í
smásölu
janúar - ágúst 19/20

15%

Hækkun hlutabréfavísitölu
OMX10
des-des 19/20

6%

Hækkun fasteignaverðs
íbúðahúsnæðis
okt-okt 19/20



Hverjar verða áskoranir framtíðar?

Leita verður leiða til auka fjölbreytni í útflutningi

Verkefnið

2

Leita verður allra leiða til að auka fjölbreytni í útflutningsatvinnuvegum


Fábreytni
útflutningsatvinnuvega



Sveiflukennda hagkerfið

Hagsveiflur á Íslandi eru mun meiri en gengur og gerist í öðrum löndum

Hagvöxtur 1980-2020, Ísland og heimurinn







Hrunsveiflan og kófsveiflan

Í annað skiptið á þessari öld þar sem byggt er um of á einni atvinnugrein

Hrunsveiflan – vísitala VLF



Kófsveiflan – vísitala VLF






Ísland varð háðara ferðapjónustu en flest lönd

Hlutdeild ferðapjónustu er mun hærri en í öðrum efnuðum löndum

Hlutdeild flugþjónustu, veitingapjónustu og gististaða í VLF árið 2017






Fáar stoðir – meiri sveiflur í efnahag

Læra verður af reynslunni og ýta undir fjölbreyttari atvinnuvegi

Hlutdeild auðlindanna í útflutningi




Að lokum

Fjallað verður um tillögur að sértækum aðgerðum á nýju ári



Bandalag
háskólamanna





KÓFIÐ OG HRUNIÐ:

lærdómur og leiðin fram á við

Opinn veffundur á vegum sérfræðingahóps
verkalýðshreyfingarinnar
þriðjudaginn 15. desember kl. 11:00–11:45 í Zoom

